

Ályktanir ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 2006

Atvinnumál

Vaxtarsamningur Suðurlands

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 fagnar Vaxtarsamningi Suðurlands sem nú liggur fyrir. Ársþingið hvetur til þess að samningurinn verði undirritaður hið fyrsta og settur í framkvæmd. Vaxtarsamningurinn er mikilvægur vegvísir að frekari sókn á Suðurlandi ekki síst fyrir þau svæði sem átt hafa í vök að verjast.

Háskólamál

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006, tekur undir þá (meðfylgjandi) niðurstöðu starfshóps um eflingu háskólanáms á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum og að hafinn verði undirbúningur að stofnun hlutafélags um háskólanám á Suðurlandi. Ársþingið bendir á að háskóli á Suðurlandi yrði fjölmennur vinnustaður fyrir velmenntað starfsfólk, eykur menntunarstig og eflir fjölbreytni í atvinnulífi og menningu.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt á aðalfundi Atvinnuþróunarfélags Suðurlands:

Verkefnisstjórn um háskólanám á Suðurlandi

Komið verði á fót verkefnisstjórn á vegum sveitarfélaga á Suðurlandi sem hafi það að markmiði að skipuleggja háskólanám á Suðurlandi. Miða skal við að verkefnisstjórnina skipi fulltrúar frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands, Fræðsluneti Suðurlands og SASS. Verkefnisstjórninni verði heimilt að fá þá aðila til samstarfs sem hún telur að verði verkefninu til framdráttar.

Gert er ráð fyrir að ráðinn verði verkefnisstjóri til að vinna að framgangi málsins. Starfstími verkefnisstjóra verði frá 1. október 2006 og honum ljúki 31. desember 2007.

Starfssvið verkefnisstjóra verður sem hér segir:

1. Hluti

- a) Undirbúa stofnun hlutafélags um háskólanám á Suðurlandi. Stefnt er að því að hlutafélagið verði í eigu sveitarfélaga á Suðurlandi, Háskólans í Reykjavík, fyrirtækja, stofnana og annarra velunnara háskólanáms á svæðinu. Þannig verði mynduð tengsl við námsframboð HR en eftirfarandi nám í HR getur m.a. verið heppilegt fyrir Suðurland:

Háskólanám með vinnu

Tæknifræði

Iðnfræði

Frumgreinasvið

- b) Koma á samstarfi við Landbúnaðarháskólann um að bjóða m.a. eftirfarandi námsgreinar á Suðurlandi:

Hrossabraut

Umhverfisskipulag

- c) Kannaðir verði fletir á samstarfi við Háskóla Íslands um mastersnám á Suðurlandi, samstarf við Fræðasetur H.Í. og aðrar deildir H.Í. á Suðurlandi s.s. Jarðskjálftamiðstöðina, Gunnarsholt o.fl.
- d) Skoða möguleika á samstarfi eða samruna við Fræðslunet Suðurlands og þar með þá aðila sem Fræðslunetið er nú þegar í samstarfi við s.s. H.A. og H.Í. Mikilvægt er að styðja vel við starfsemi KHÍ á Laugavatni og það öfluga fjarnám sem skólinn rekur í landshlutanum.

2. Hluti

Verkefnið verði sett í forgang innan væntanlegs Vaxtarsamnings fyrir Suðurland.

Kostnaður við verkefnið

Miðað er við að starfstími verkefnisstjóra verði frá 1. október 2006 til 31. desember 2007. Áætlaður kostnaður við verkefnið er um 1.0 mkr. á mánuði eða alls á verkefnistímanum um 15.0 mkr. Þá er gert ráð fyrir að kaup á skrifstofubúnaði og fleira sé um 600 þús.

Fjármögnun verkefnis

Gert er ráð fyrir að kostnaður verði greiddur úr verkefnasjóði Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og í gegnum væntanlegan Vaxtarsamning fyrir Suðurland.

Skýrsla stóriðjunefndar

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 þakkar stóriðjunefnd fyrir framlagða skýrslu. Suðurland uppfyllir öll þau skilyrði sem orkufrekur iðnaður þarf. Ársþing hvetur til þess að áfram verði kannaðir möguleikar Suðurlands í orkufrekum iðnaði.

Fjarvinnsla

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 hvetur til að svæðinu verði sköpuð skilyrði til fjarvinnslu enda sé fjarvinnsla hentug til atvinnusköpunar óháð staðsetningu sértaklega hvað varðar störf fyrir velmenntað fólk.

Mennta- og menningarmál

Tillaga starfshóps APS um háskólanám

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006, samþykkir tillögu starfshóps Atvinnuþróunarfélags Suðurlands um háskólanám á Suðurlandi.

Málefni Fræðslunets Suðurlands

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006, lýsir yfir áhyggjum af rekstrarafkomu Fræðslunets Suðurlands, þar sem ekki hafa náðst fram aukin fjárframlög frá ríki, samanber ályktun aðalfundar SASS á Kirkjubæjarklaustri 25. og 26. nóvember 2005. Ljóst er að sú aukning sem er á háskólanámi á vegum Fræðslunetsins kallar á aukin fjárframlög til að standa undir þeim rekstri.

Mikilvægt er að stefna ekki í hættu því háskólanámi sem Fræðslunet Suðurlands miðlar nú þegar á meðan unnið er að stofnun hlutafélags um háskólanám á Suðurlandi. Til að koma til móts við rekstrarvanda Fræðslunets Suðurlands, þar til nýtt hlutafélag hefur tekið yfir ábyrgð á rekstri og uppbyggingu háskólanáms á Suðurlandi samþykkir árþingið að veittur verði þriggja milljóna króna styrkur úr verkefnasjóði Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.

Tillaga stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006, samþykkir tillögu stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands um að bæta einu stöðugildi við Skólaskrifstofuna.

Efling menntunar og skólastarfs á Suðurlandi

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006, beinir því til Mennta- og menningarmálanefndar SASS að móta tillögur um það hvernig auka má jákvæða umræðu, efla menntun og skólastarf á Suðurlandi. Nefndin leggi m.a. fram tillögur um „Menntaverðlaun Suðurlands“ og „Heiðurslistakerfi“ innan grunnskólans, sem og markvissa uppbyggingu símenntunar, fyrir árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 2007.

Samstarfssamningur ríkis og sveitarfélaga á sviði menningarmála

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006, ítrekar ályktun aðalfundar SASS sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri 25. og 26. nóvember 2005. Þar samþykkti aðalfundur SASS endurskoðuð drög að samstarfssamningi ríkis og sveitarfélaga á sviði menningarmála. Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga ítrekar áskorun sína á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að gengið verði til samninga, á grundvelli fyrirbyggjandi draga um menningarsamning fyrir Suðurland.

Málefni Gaulverjaskóla

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006, fagnar yfirlýsingu Hjálmars Árnasonar alþingismanns um að fjárframlag ríkisvaldsins til Gaulverjaskóla, sem lofað hefur verið, verði samþykkt í fjáráukalögum haustið 2006.

Framtíðarsýn varðandi framhaldsskólanám á Suðurlandi

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006, beinir því til stjórnar SASS að móta framtíðarsýn um uppbyggingu framhaldsskóla á Suðurlandi með það í huga að fjölbreytt námsframboð verði í boði á fleiri stöðum á starfssvæði SASS en nú er.

Samgöngumál

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 samþykkir eftirfarandi ályktun um samgöngumál:

Ársþingið leggur áherslu á að unnið verði að alefli að eftirfandi verkefnum á næstu árum.

- 1. Breikkun Suðurlandsvegur (4 akreinar) á milli Selfoss og Reykjavíkur.**
- 2. Ferja eða jarðgöng frá Vestmannaeyjum til Landeyjasands (Bakkafjara).**
- 3. Uppbygging tengivegakerfisins.**
- 4. Brú yfir Hvítá. Vegur á milli Flúða og Reykhólts.**
- 5. Gjábakkavegur á milli Laugarvatns og Þingvalla.**
- 6. Suðurstrandarvegur á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur.**
- 7. Jarðgöng í gegnum Reynisfjall.**
- 8. Fjarskipti.**

Fjögurra akreina vegur á milli Selfoss og Reykjavíkur

Umferð um veginn á milli Selfoss og Reykjavíkur hefur aukist gríðarlega á undanförunum árum. Samkvæmt umferðartölum undanfarin 14 ár hefur umferðin aukist á bilinu 70 til 90 %, eftir vegarköflum og á síðustu tveimur árum varð umferðaraukningin á bilinu 15 - 20%. Á árinu 2005 var meðaldagsumferðin á leiðinni á bilinu 6000 til 8800 bílar. Ástæður þessa eru margvíslegar; breytingar í atvinnulífi, fjölgun ferðamanna, fjölgun sumarhúsa á Suðurlandi, aukin hálendisumferð o.fl. Mjög margt bendir til að þessi þróun haldi áfram. Þar má benda á spár um tvö - til þreföldun erlendra ferðamanna á næstu 15 árum, verulegan vöxt og íbúafjölgun á Árborgarsvæðinu, fyrirsjáanlega fjölgun orlofshúsa og aukna þungaflutninga í kjölfar þess að strandflutningum hefur verið hætt. Einnig má nefna Hellsheiðarvirkjun Orkuveitu Reykjavíkur sem nýhafnar eru framkvæmdir við, en þar verður sett upp aðstaða til að kynna ferðamönnum virkjunina og reiknar fyrirtækið með um 250 þúsund heimsóknnum gesta árlega.

Í ljósi þessarar þróunar er nauðsynlegt að vegurinn frá Selfossi til Reykjavíkur verði breikkaður í 4 akreinar. Nú eru tvær akreinar frá Selfossi til Hveragerðis,

á 2 km kafla á Hellisheiðinni og frá Litlu kaffistofunni til Reykjavíkur, en 3 akreinar á milli þessara kafla. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni yrði heildarkostnaður við slíkan veg á milli Selfoss og Reykjavíkur, með nauðsynlegum breytingum á ræsum, brúm og safnvegum um 6 - 7 milljarðar króna. Þá er einnig nauðsynlegt að gera nýja brú yfir Ölfusá. Um verulegan flöskuháls er að ræða þegar umferðarálagið er mest og því brýnt að bæta úr. Þar til ný brú verður byggð er þó mikilvægt að gera þær lagfæringar sem mögulegar eru. Gróf kostnaðaráætlun bendir til að ný brú kosti um 800 milljónir króna.

Með umræddum framkvæmdum verður umferðin greiðari og hnökralausari og umferðaröryggi eykst. Rannsóknir benda til að fjögurra akreina vegur fækki slysum verulega og í nýlegri könnun tryggingafélaganna í samvinnu við áhugamannafélagið „Vini Hellisheiðar“ kom fram að kostnaður samfélagsins vegna tjóna á þessari leið árið 2004 nam rúmum milljarði króna, þar af var kostnaður tryggingafélaga og tjónvalda um 600 milljónir króna. Jafnframt kom fram að meðalkostnaður við eitt tjón á þessari leið var fjórfalt hærri en meðalkostnaður yfir landið. Það er því ljóst að arðsemi endurbóta er gríðarleg og framkvæmdin fljót að borga sig upp, fyrir utan það óbætanlega tjón sem hægt er að komast hjá.

Þá verður einnig að líta til þess að tryggja þarf samkeppnisstöðu Suðurlands gagnvart öðrum vaxtarsvæðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, þ.e. Suðurnesjum, þar sem framkvæmdum við 4 akreina Reykjanesbraut mun ljúka á næsta ári og á Vesturlandi eru áform uppi um Sundabraut og tvöföldun Hvalfjarðarganga.

Tillaga að 12 ára samgönguáætlun verður lögð fram á Alþingi í haust gera sunnlendingar kröfu til að ákvörðun um nauðsynlegar endurbætur á leiðinni verði tekin í tengslum við endurskoðunina þannig að endurbótum á leiðinni á milli Selfoss og Reykjavíkur ásamt brú yfir Ölfusá verði lokið á næstu 3 til 4 árum.

Samgöngur til Vestmannaeyja

Á undanförunum árum hafa úrbætur í samgöngum til Vestmannaeyja verið mjög til umfjöllunar. Ýmsir kostir hafa verið ræddir, m.a. hafa farið fram frumrannsóknir á möguleikum og hagkvæmni jarðganga. Jafnframt liggja fyrir niðurstöður Siglingamálastofnunar um ferjuhöfn í Bakkafjöru sem benda eindregið til að um hagkvæman kost sé að ræða. Mikilvægt er að undirbúningi þeirrar framkvæmdar verði haldið áfram þannig að hægt verði að hefjast handa sem fyrst eftir að ákvörðun hefur verið tekin, verði sú leið valin. Niðurstöður jarðfræðirannsókna benda til að jarðgöng séu raunhæfur kostur en vafasamt hvort hagkvæmni sé til staðar. Því þarf að gera fullnaðarrannsóknir á möguleikum og hagkvæmni jarðganga. Lögð er rík áhersla á að niðurstöður

liggi fyrir sem fyrst svo svara megi með óyggjandi hætti hver kostnaður vegna slíkrar framkvæmdar er. Jafnframt er lögð rík áhersla á að styrkja bæði ferjusiglingar og flugsamgöngur með fjölgun ferða. Þá er einnig mikilvægt að kanna til hlítar þann möguleika að selja núverandi Herjólf og leigja nýrra og afkastameira skip sem siglt getur milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar þar til jarðgöng eða ferjulagi í Bakkafjöru verða tekin í gagn. Stefnt skal að því að slíkt skip geti hafið siglingar vorið 2007.

Uppbygging tengivega

Samanlögð vegalengd tengivega á Suðurlandi er um 1000 km. og hefur slitlag verið lagt á um 300 km. Ástand þessara vega er slæmt þegar á heildina er lítið og viðhald þeirra lítið. Þrátt fyrir þetta gegna þeir æ stærra hlutverki með sívaxandi umferð sem augljóslega mun aukast áfram á næstu árum. Miklar breytingar hafa orðið í atvinnulífi til sveita sem hafa leitt af sér mun meiri umferð en áður var og umferð ferðamanna bæði innlendra og erlendra hefur stóraukist enda eru margir vinsælustu ferðamannastaðir landsins á Suðurlandi. Mikilvægt er að gert verði átak í uppbyggingu tengivega á Suðurlandi og er lagt til að framlög til þeirra verði fjórfölduð þannig að ljúka megi uppbyggingu þeirra á næstu 20 árum.

Brú yfir Hvítá- Bræðratunguvegur.

Um er að ræða vegarlagningu og brúargerð sem stytir leiðina á milli Flúða í Hrunamannahreppi og Reykhólts í Bláskógabyggð um allt að 25 km. og skapar mun betri tengingu á milli sveitarfélaganna í uppsveitum Árnassýslu og er ein mikilvægasta forsenda frekari uppbyggingar sveitarfélaganna og opnar þannig ýmsa möguleika í ferðapjónustu og atvinnulífi svæðisins almennt. Framkvæmdin er á samgönguáætlun en tryggja verður fullnaðarfjármögnun verksins.

Gjábakkavegur.

Gjábakkavegur liggur frá Þingvallavatni til Laugarvatns. Um nýjan veg verður að ræða sem auðveldar mjög samgöngur til efri hluta Árnassýslu frá Reykjavík. Framkvæmdin er ekki síst mikilvæg með tilliti til stóraukinnar ferðamannaumferðar og mikillar fjölgunar sumarhúsa á svæðinu. Framkvæmdin er á samgönguáætlun, en undirbúningur stöðvaðist, fyrst vegna kröfu umhverfissráðuneytisins um nýtt umhverfismat og síðar kærðu í kjölfar þess. Brýnt er að niðurstaða fáiast sem fyrst þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir.

Suðurstrandarvegur.

Suðurstrandarvegur er fyrirhugaður vegur á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur. Mikilvægi hans er margþætt. Í fyrsta lagi tengir hann Suðurlandssambandi saman eins og fyrirheit voru gefin um við síðustu

kjördæmabreytingu. Í öðru lagi er þessi nýja leið mikilvæg í atvinnulegu tilliti, ekki síst fyrir ferðapjónustuna og greiðari leið frá Keflavíkurflugvelli inn á helstu ferðamannasvæði landsins og í þriðja lagi er framkvæmdin mikilvæg frá öryggis- og almannavarnarsjónarmiði. Reykjanesskaginn er virkt eldfjallasvæði og þar býr meiri hluti landsmanna. Því er mjög mikilvægt að hafa fleiri samgönguleiðir mögulegar ef til náttúruhamfara kemur. Gert er ráð fyrir að Suðurstrandarvegur fái 400 milljónir króna af svokölluðu „símafé“ en það dugar ekki til að ljúka framkvæmdum. Því verður að tryggja fullnaðarfjármögnun á næstu samgönguáætlun.

Jarðgöng í gegnum Reynisfjall.

Vegurinn yfir Reynisfjall er einn aðal farartálminn á Þjóðvegi 1 allt austur á land og þar er ein af hættulegustu beygjum í vegakerfinu. Veruleg samgöngubót væri því að gerð slíkra gangna. Eðlilegt er að ráðist verði í þessa framkvæmd á næstu árum.

Fjarskipti.

Í nútímasamfélagi eru öflug fjarskipti nauðsynleg forsenda lífvænlegrar byggðar og í raun jafn mikilvæg og greiðar hefðbundnar samgöngur. Ársþingið telur mikilvægt að jafnrétti ríki í aðgengi að grunnnetinu á samkeppnishæfu verði og að þjónusta verði aðgengileg sem flestum óháð búsetu og leggur áherslu á að stjórnvöld tryggi það með framlögum til uppbyggingar dreifikerfisins.

Einn mikilvægasti öryggisþáttur í dreifbýli er aðgangur að farsímakerfum. Útbreiðsla GSM kerfisins er takmörkuð og ákveðið hefur verið að leggja niður NMT kerfið. Því er nauðsynlegt að byggja upp GSM dreifikerfi, sem nýtir langdrægari senda en þá sem nú eru í notkun, til að ráða bót á þessum annmörkum. Þá er einnig mikilvægt öryggisatriði að tryggja það að fjölmennir ferðamannastaðir á hálendinu búi við tryggt símasamband.

Þá telur ársþingið einnig mikilvægt að byggt verði upp öflugt gagnaflytningisdreifikerfi en tölvunotkun með tilheyrandi gagnaflytningi er orðin eitt af lykilatriðum nútíma atvinnuhátta.

Umhverfis - og skipulagsmál

Skipulag og stefnumótun

Ársþing SASS, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006, hvetur sveitarfélög til samvinnu við skipulagsmál og bendir á að vatnsvernd, hverfisvernd og aðrir slíkir þættir lúta ekki sveitafélagamörkum. Ársþingið beinir þeim tilmælum til sveitarfélaga að þau, í ríkara mæli, geri svæðisskipulag sem taki til stærri svæða sem taki m.a. mið af jarðfræðilegum forsendum við gerð þess.

Einnig eru sveitarfélögin hvött til að nota það stjórnæki sitt, skipulagsmálin, til enn frekari stefnumótunar byggðarlaga á Suðurlandi. Með góðu og vönduðu skipulagi geta sveitarfélögin fyrirbyggt ágreiningsmál, svo sem í fráveitu, vatnsveitu og fleiru. Sveitarfélögin geti þannig mótað skýra stefnu, fylgt henni og mótað framtíðarsýn íbúunum til handa.

Endurvinnsla lífræns úrgangs

Árþing SASS, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 leggur til að sveitarfélög hugi að öðrum endurvinnslu- og förgunarleiðum á seyru.

Með aukinni rotþróarnotkun eykst magn seyru og því er nauðsynlegt að bregðast við vandanum á hagkvæman hátt. Með þessu er meðal annars stuðlað að því að markmiðum svæðisáætlunar varðandi urðun á lífrænum úrgangi verði náð.

Aukin endurvinnsla

Árþing SASS, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 hvetur aðildarfélög Sorpstöðvar Suðurlands að taka mið af mengunarbótareglunni og koma þannig á hvata til að draga úr úrgangi og koma honum í endurvinnslufarveg.

Markmið þessa er að hraða úrbótum við móttöku og meðhöndlun úrgangs á Suðurlandi.

Velferðarmál

Heildstæð öldrunarþjónusta

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 lýsir yfir eindregnum vilja sínum til samstarfs við heilbrigðisyfirvöld við að koma á frekari vinnslu og framkvæmd á þeim tillögum sem nefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um uppbyggingu heildstæðrar öldrunarþjónustu á Suðurlandi hefur nú skilað af sér. Velferðarnefnd SASS verði falið að vinna í samræmi við þessa yfirlýsingu.

Úttekt á velferðarþjónustu

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 samþykkir að velferðarþjónusta á Suðurlandi verði könnuð sérstaklega á næsta starfsári samtakanna. Um er að ræða grundvallarþjónustu sem bætir búsetuskilyrði á svæðinu og eykur möguleika hvers og eins til virkrar þátttöku í samfélaginu, en það er einmitt ein meginforsenda almennrar velmegunar.

Málefni aldraðra og fatlaðra - athugun

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 samþykkir að stjórn SASS verði falið að gera athugun á vilja sveitarfélaga á Suðurlandi til þess að taka yfir frá ríkinu þjónustu við aldraða og fatlaða. Sé til þess vilji þá verði velferðarnefnd falið að vinna að málinu.

Iðjuþjálfari - tilraunaverkefni

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 skorar á sveitarstjórnir á svæðinu að tryggja fjármagn í tilraunaverkefni til þriggja ára um ráðningu iðjuþjálfara á starfssvæði HSu skv. erindi frá framkvæmdastjóra HSu.

Viðbygging við Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 krefst þess að framkvæmdum við viðbyggingu við Heilbrigðisstofnunina á Selfossi verði lokið á tilsettum tíma og að unnt verði að flytja starfsemi í nýtt húsnæði sem allra fyrst. Þingið leggur áherslu á að heilsugæslan á Selfossi býr við afar lakan húsnæðiskost og mikilvægt að framkvæmdir við þann hluti byggingarinnar dragist ekki.

Aukin geðheilbrigðisþjónusta

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 telur nauðsynlegt að komið verði upp skipulagðri geðheilbrigðisþjónustu á svæðinu. Þingið skorar á þingmenn Suðurlands og Alþingi að setja fjármagn í uppbyggingu geðheilbrigðisþjónustu íbúum Suðurlands til hagsbóta. Geðheilbrigðisþjónusta er ein af grunnstöðum heilbrigðiskerfisins og þarf að vera aðgengileg fólki í heimabyggð. Það er óviðunandi að þeir íbúar á Suðurlandi sem eiga við geðsjúkdóma að stríða þurfi að sækja alla geðþjónustu til Reykjavíkur.

Atvinnuþátttaka fatlaðra

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 skorar á sveitarfélög á Suðurlandi að leggja sitt af mörkum til að gera öllum íbúum mögulegt að njóta sömu tækifæra.

Skapa þarf fötluðu fólki aðstæður til þess að geta verið virkir þátttakendur í samfélaginu og geta búið við sambærileg lífskjör og annað fólk. Tækifæri til atvinnuþátttöku gegna þar stóru hlutverki og hvetur þingið sveitarfélög á svæðinu til að ráða fatlað fólk til starfa.

Stuðningur við geðsjúka í daglegu lífi

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 hvetur sveitarfélög á Suðurlandi til að styðja dyggilega við starfsemi Klúbbsins Stróks. Starfsemi klúbbsins hefur farið vel af stað og

gjörbreytt tækifærum fólks með geðsjúkdóma og geðraskanir til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Ýmis mál

Verkaskipti ríkis og sveitarfélaga

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 skorar á félagsmálaráðherra að hann beiti sé fyrir því að samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga verði fækkað sem fyrst og þau verkefni færð annað hvort til ríkis eða sveitarfélaga. Tryggja verður enn frekar verið hefur að öllum verkefnum sem sett eru á hendur sveitarfélaga fylgi viðeigandi tekjustofnar.

Lögheimili í frístundabyggð

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Hveragerði 7. og 8. september 2006 skorar á félagsmálaráðherra að beita sér fyrir því að lög um lögheimili nr. 21/1990 verði endurskoðuð með það í huga að komið verði í veg fyrir að hægt sé að skrá lögheimili í skipulagðri frístundabyggð. Í niðurstöðu Hæstaréttar frá 14. apríl 2005 er veitt heimild til að skrá lögheimili í skipulagðri frístundabyggð. Þessi dómsniðurstaða kallar á verulega aukna þjónustu og kostnað sveitarfélaganna auk þess sem þessi niðurstaða stangast á við skipulags- og byggingalög. Einnig er litið framhjá rétti þeirra mörgu sem hafa reist sér sumarhús á þar til skipulögðum svæðum og vilja að svæðis sé nýtt sem slíkt.